

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2
221 Hafnarfirði.

Hafnarfirði 08.01.2018.

Greinagerð vegna Hamarsbrautar 5, málsnúmer 1702315.

Á fundi skipulags- og byggingarráð þann 28.11.2017 fól Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa að taka saman greinargerð varðandi umferðar- og skólamál.

Fyrir liggur umsögn vegna deiliskipulagsbreytingarinnar sem auglýst var og grenndarkynnt frá 29.06 2017-10.08.2017.

Í ofangreindri umsögn kemur eftirfarandi fram varðandi umferðarmál:

“Varðandi athugasemd 1 skal eftirfarandi upplýst. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir tveimur bílastæðum upp við lóðarmörk Hamarsbrautar 7. Gerð og fyrirkomulag bílastæða við lóðarmörk kann að vera háð auk byggingarreglugerðar og deiliskipulags samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar. Með því að færa bílastæði inn á miðbik lóðar þá eru þau ekki upp við lóðarmörk nágranna og valda minna ónæði og ágangi en bílastæði sem eru við lóðarmörk.

Varðandi lið 2 þá ber að vísa til bréfs forstöðumanns framkvæmda- og rekstrardeildar dags. 02.05.2017 um umferðarmál. Í því kemur skýrt fram að um er að ræða umferðaraukningu vegna breytingu úr einbýlishúsi í parhús. Skipulagslega er þess vegna gerð krafa um 2 bílastæði vegna fjölgunar um eina íbúð (ca. 102 m²). Þau bílastæði eru leyst innan lóðar og valda, sem bílastæði ekki auknu álagi í götu. Fram kemur í bréfi forstöðumanns framkvæmda- og rekstrardeildar, að vegna þessarar íbúðar muni umferðaraukning verða um 6% um gatanakerfi Hamarsbrautar. Bréfitarar telja það huglægt, og meta aukninguna frekar um 12% á frekari skýringa. Almennt er skipulagslega reynt að leysa s.k. bílastæðavanda með bílastæðum eða húsum inni á lóðum viðkomandi. Í þessu tilviki er það hægt. Skipulagslega er ekki fylgst með þeim fjölda bíla sem tilheyra eða kunna að fylgja einstaka íbúðum, húsum, íbúum eða lóð. Fjöldi bílastæða skal getið á aðaluppdrætti viðkomandi mannvirkis. Bílastæði í göturými eru s.k. sameiginleg bílastæði nema deiliskipulag kveði á um annað.”

Þessu til viðbótar skal það upplýst að samkvæmt eldra deiliskipulagi var gert ráð fyrir allt að 15 íbúðum við götuna. Núgildandi deiliskipulag við Hamarsbraut gerir ráð fyrir 16 íbúðum. Hvort sem reiknað er á grundvelli fjölda íbúða eða t.d. 2 bílum/íbúð þá þýðir það rúmlega 6% aukningu á fólksbifreiðum sem fara um Hamarsbraut vegna heimilisfestu við hana. Það skal jafnframt upplýst að samkvæmt skráning Umferðarstofu þá voru skráðar 18174 fólksbifreiðar í Hafnarfirði um áramótin 2016/2017, sem þýðir 0,65 fólksbifreiðar á hvert mansbarn. Af þeim tölum má ljóst vera að bílabéttleiki í Hafnarfirði er gífurlegur og afar mikilvægt að geta komið öllum nýjum bílastæðum innan lóðar eins og gert er í þessu tilviki.

Varðandi skólamál þá segir í bréfi Fræðslu- og frístundaþjónustu frá 17.08 2017 að:
“Möguleg áhrif skipulagsins á leik- og grunnskólastarf á svæðinu eru óveruleg.”

Þormóður Sveinsson Skipulagsfulltrúi.

Hjálagt: Bréf Fræðslu- og frístundaþjónustu frá 17.08 2017 og Umsögn vegna deiliskipulagsbreytingarinnar dags 23.08.2017.